

Mál nr. 1

Knattspyrnudeild Leiknis, Reykjavík

gegn

Knattspyrnudeild Hattar, Egilsstöðum

Kæra Leiknis:

Kæruefni er ólögleg skipan liðs Hattar í leik Hattar og Leiknis í Íslandsmóti innanhúss í 2. deild karla sem fram fór þann 14. janúar 1996, kl.14:13 í íþróttahúsinu Austurbergi. Brot Hattar varðar við grein 4.4.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem Kári Jónsson lék með Hetti í umræddum leik en var á sama tíma ekki hlutgengur með Hetti.

Skrifstofa KSÍ staðfesti að ekki var búið að ganga frá félagaskiptum fyrir Kára Jónsson í Hött fyrir 14. janúar 1996 og því ekki hlutgengur í umræddum leik.

Krafa kæranda er að leikurinn Höttur - Leiknir í 2. deild karla í Íslandsmóti innanhúss sem fram fór þann 14. janúar 1996 verði úrskurðaður Leiknir unninn með markatölunni 0-3.

Reykjavík 15. janúar 1996

f.h. knattspyrnudeildar Leiknis
Alferð Alferðsson, form. mfl.

Úrskurður Knattspyrnudómstóls Reykjavíkur:

Álit dómsins:

Eins og skýrt kemur fram í greinum 1.A.4. og 2.A.1. í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna ber að uppfylla ströng fomskýlyrði sem þar eru sett um félagaskipti m.a. varðandi undirskrift leikmanns og stjórnarmanna.

Ekki verður séð af gögnum málsins að slík fomskýlyrði hafi verið uppfyllt varðandi leikmanninn Kára Jónsson varðandi dvöl hans í Skotlandi í lok árs 1995. Telst hann því hlutgengur í liði varnaraðila og skulu úrslit í leik kæranda og varnaraðila í 2.deild Íslandsmótinu innanhúss þann 14. janúar s.l. standa óhögguð.

Dómsorð:

Kærði, Knattspyrnudeild Hattar Egilsstöðum skal vera sýkn af kröfum kæranda knattspyrnudeildar Leiknis Reykjavík.

Gunnar Guðmundsson (sign.)
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson (sign.)

Lúðvík Andreasson (sign.)

Áfrýjun Leiknis:

Með vísan til ákvæða kafla 4.2. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót áfrýjar knattspyrnudeild Leiknis til dómstóls KSÍ dómi knattspyrnudómstóls Reykjavíkur í ofangreindu máli er birtur var fyrir kæranda 23. janúar 1996, sbr. dómskjal nr. 2.

Kröfur áfrýjanda: Áfrýjandi gerir þær kröfur að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og dæmt þannig að leikurinn Höttur- Leiknir R. í 2.deild Íslandsmóts karla innanhúss sem fram fór þann 14. janúar 1996, verði dæmdur Leikni unninn með markatölunni 0-3.

Málsástæður og rök: Áfrýjandi byggir kröfu sína á því að einn leikmanna Hattar í ofangreindum leik, Kári Jónsson, hafi ekki haft heimild til að leika með liðinu. Samkvæmt ákvæðum 2. kafla reglugerðar KSÍ um félagaskipti leikmanna þar sem fjallað er um félagaskipti leikmanna milli landa kemur fram í grein A.2. að leikmanni sé ekki heimilt að taka þátt í keppni erlendis fyrr en stjórn KSÍ hefur gefið út flutningsskírteini fyrir hann í samræmi við reglur FIFA. Þá segir í síðari málslið greinarinnar að leikmanni sé ekki heimilt að leika hér heima að nýju fyrr en KSÍ hefur gefið út skriflegt keppnisleyfi honum til handa.

Með símbréfi dagsettu 31. október 1995, sbr. dómskjal nr. 4 sendi fyrirsvarsmaður Hattar Egilsstöðum yfirlýsingu til KSÍ um félagaskipti Kára Jónssonar úr Hetti yfir í ótilgreint skoskt félag. Sama dag gaf Knattspyrnusamband Ísland út flutningsskírteini fyrir hann á eyðublaði FIFA um flutning leikmanna milli landa. Í skírteininu er sérstaklega tekið fram að Kári hafi fullnægt skuldbindingum sínum bæði gagnvart fyrra félagi sínu og knattspyrnusambandinu og því sé ekkert því til fyrirstöðu að hann leiki fyrir annað félagslið í öðru aðildarríki sambandsins sbr. dómskjal nr. 4. Samkvæmt símbréfi frá skoska Knattspyrnusambandinu til þess íslenska 19. janúar 1996 var staðfest að Kári væri enn félagi í skoska knattspyrnusambandinu og að skoska sambandið hafi enn í sínum vörslum alþjóðlegt flutningsskírteini leikmannsins, sbr. dómskjal nr. 3. Samkvæmt reglum FIFA og grein A.2. í 2. kafla reglugerðar KSÍ um félagaskipti leikmanna hefur leikmanninum því ekki verið heimilt að leika á Íslandi eftir 31. október 1995 og a.m.k. til 19. janúar 1996.

Hinn áfrýjaði dómur byggir á því að fyrirsvarsmaður Hattar, Björgvin Víðir Guðmundsson, hafi ekki lögformlega heimild til að samþykkja félagaskipti leikmanna fyrir hönd félagsins. Er þessari röksemdafærslu dómsins harðlega mótmælt og vísað til þessa að Björgvin Víðir undirritaði 8. maí 1995 fyrir hönd Hattar leikmannaskipti Kára Jónssonar úr Leikni Fáskrúðsfirði í Hött. Þá hefur framkvæmdastjóri KSÍ upplýst að Björgvin Víðir undirritaði fyrir hönd Hattar 21 yfirlýsingu um félagaskipti á árinu 1995 án þess að mótmæli hafi komið fram af hálfu félagsins. Það er því ljóst að Björgvin Víðir hafði allt árið 1995 heimild til að koma fram fyrir hönd stjórnar Hattar þegar félagaskipti leikmanna voru annars vegar. Þar sem ekki hafa komið fram mótmæli af hálfu Hattar vegna allra þeirra fjölmörgu félagaskipta sem Björgvin Víðir hefur undirritað fyrir hönd félagsins er ljóst að stjórn félagsins hefur sjálf litið svo á að hann væri bær til að undirrita slíkar yfirlýsingar og er fullyrðingum í greinargerð félagsins um annað mótmælt sem ósönnum og ósönnuðum.

Þá virðist hinn áfrýjaði úrskurður einnig byggja á því að undirskrift Kára Jónssonar hafi vantað á félagaskiptayfirlýsinguna 31. október 1995. Með vísan til ákvæðis greinar A.1. í 2. kafla reglugerðar KSÍ um félagaskipti leikmann er ljóst að undirritun leikmanns í tilvikum

eins og því sem hér er til úrlausnar er óþörf og er því rökstuðningur dómstólsins að þessu leyti einnig rangur.

Með vísan til þess að samkvæmt reglum alþjóða knattspyrnusambandsins og reglum KSÍ var Kára Jónssyni ekki heimilt að leika leik Hattar og Leiknis R., er fram fór 14. janúar 1996 kl. 14:13 og annars rökstuðnings er að fram greinir eru dómkröfu ítrekaðar og málið lagt til dóms.

Reykjavík 29. janúar 1996

f.h. knattspyrnudeildar Leiknis
Alferð Alferðsson

Úrskurður dómstóls KSÍ:

Ár 1996. laugardaginn 3. febrúar kl. 13:00 kom dómstóll KSÍ saman að Skólavörðustíg 6b í Reykjavík. Dóminn skipuðu Jón Steinar Gunnlaugsson forseti, Jón Gunnar Zoëga og Gestur Jónsson.

Fyrir var tekið málið nr. 1/1996:

Knattspyrnudeild Leiknis, Reykjavík
gegn
Knattspyrnudeild Hattar, Egilst.

Var nú kveðinn upp svofelldur dómur:

Í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna er í 2. kafla um félagaskipti leikmanna milli landa A-lið 1.tl. eins og ákvæðið var orðað fyrir breytingu á 50. ársþingi KSÍ 1-3. desember 1995, kveðið á að tilkynna skuli stjórn KSÍ ákvörðun um félagaskipti “bréflega (félagaskiptaeyðublað)”. Er ekki á því vafi að hér er átt við sams konar tilkynningu og fjallað er um í 1. kafla sömu reglugerðar, A-lið, 4. tl. Fyrir liggur að leikmaðurinn Kári Jónsson undirritaði ekki þá yfirlýsingu um félagaskipti, sem hér er til athugunar. Þá vantar nafn félagsins sem gengið er í, yfirlýsingin er ekki dagsett, auk þess sem ekki hefur verið aflað staðfestingar félags þess sem við leikmanninum tók. Yfirlýsingin var því fjarri því að uppfylla um þessi efni ákvæði í 4. tl. A-liðar í 1. kafla reglugerðarinnar og telst hún því ógild. Þarf ekki í máli þessu að leysa úr ágreiningi aðila um heimild Björgvins Víðis Guðmundssonar til að undirrita yfirlýsingar um félagaskipti f.h. varnarðila.

Með vísan til þessa ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm:

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Fleira gerðist ekki

-dómsþingi slitið
Jón Steinar Gunnlaugsson (sign.)
Jón Gunnar Zoëga (sign.)
Gestur Jónsson (sign.)

Bent er á takmarkaðan áfrýjunarrétt til dómstóls ÍSÍ samkvæmt 3. tl. 5. gr. dóms-og
refsiákvæða fyrir ÍSÍ.